



Verksamningur

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ og **Íslenskir aðalverktakar hf.** kt. 660168-2379, Höfðabakka 9d, 110 Reykjavík, hér eftir verktaki, gera með sér eftirfarandi samning.

1. gr.

Verkefnið

Verktaki skal framkvæma verkið: „**Reykjanesbraut (41-15), Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun**“ í samræmi við samning þennan, útboðsgögn, tilboð verktaka og önnur gögn eftir því sem við á.

2. gr.

Samningsskjöl

Eftirtalin skjöl eru hluti samningsins:

- Útboðs- og verklýsing
- Tilboð verktaka dags. 04.04.2023. Tilboðseyðublað og tilboðsskrá.
- IST30, almennir útboðs og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.
- Fundargerð undirbúningsfundar nr. dags. 11.05.2023.
- Verktrygging verktaka vegna verksins
- Ábyrgðartrygging verktaka
- Verkátætlun dags. dd.05.2023.
- Greiðsluáætlun dags. dd.05.2023.
- Mannafla- og tækjalisti/áætlun

3. gr.

Tímamörk

Upphaf verksins skal vera í framhaldi af undirritun verksamnings.

Í áfanga 1 skal vinnu við gerð Hraunavíkurvegar og undirganga við Hraunavíkurveg lokið 10.12.2024.

Í áfanga 2 skal vinnu við gerð tvöföldunar Reykjanesbrautar frá stöð 2.600 til 5.600 lokið 15.06.2025.

Í áfanga 3 skal vinnu við gerð tvöföldunar Reykjanesbrautar frá stöð 0 til 2.260 lokið 15.10.2025

Vinna við áfanga 4 og í verkinu öllu skal að fullu lokið 30.06.2026.

4. gr.

Samningsfjárhæð

Heildarfjárhæð samnings samkvæmt tilboði er kr. **3.977.434.260** (þrímílljarðarníuhundruðsjötíuogsjömilljónirfjögurhundruðþrjátíuogfjögurþúsundtvö-
hundruðogsextíukrónur).

5. gr.

Önnur ákvæði

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Greini á milli samningsins og skilmála ÍST 30 ræður orðalag samnings.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum aðila.

Framanrituðu til staðfestingar rita aðilar undir nöfn sín í votta viðurvist.

Garðabær/dags: _____

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. verktaka

Vottar að rétttri dags. og undirritun aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala